



Alþingi
Erindi nr. **P 137/38**
komudagur 29.5.2009

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis,
viðskiptanefnd,
Alþingi
150 Reykjavík

Akureyri 29. maí 2009

Efni: umsögn um 14. mál, þskj. 14, frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn)

Með tölvubréfi dags. 26. maí 2009 óskaði viðskiptanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til laga umbreytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, þskj. 14 – 14. mál.

Umsögn Jafnréttisstofu lýtur að 2. og 3. gr. frv. og 8. og 9. gr. frv. Jafnréttisstofa fagnar því að fram sé komið frv. til breytinga á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög sem gera það að skyldu félaganna að gæta að kynjahlutföllum og að halda utan um og tilkynna fjölda kvenna og karla, bæði í stjórnunarstöðum í félögunum, sem og meðal starfsmanna. Það eitt að eiga að halda til haga upplýsingum um fjölda kvenna og karla í hinum ýmsu stöðum í félögum leiðir til aukinnar meðvitundar um stöðu kynjanna innan félaganna. Með því að þekkja stöðuna og fylgjast markvisst með henni aukast líkurnar á að fylgt verði eftir ákvæðum jafnréttislaga nr. 10/2008, sérstaklega 18. gr., en vísað er í þá grein í greinargerðinni með frumvarpinu. Það mætti jafnvel vísa til þeirrar greinar í viðkomandi lagaákvæðum í l. 2/1995 og 138/1994.

Jafnréttisstofa tekur undir mikilvægi þess að fara eftir jafnréttislögum og fylgja því eftir að hlutafélög og einkahlutafélög fari eftir þeim skyldum sem lagðar eru á atvinnurekendur skv. jafnréttislögum um að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og sérstaklega um að leggja áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum, sbr. 18. gr. jafnréttislaga. Fyrirliggjandi frumvarp er gott skref í þá átt að ná þessum tilgreindu markmiðum jafnréttislaga því með því að þekkja stöðuna skapast nauðsynlegar forsendur til þess að gera breytingar, þar sem þeirra reynist þörf. Jafnréttisstofa bendir einnig á að í 15. gr. jafnréttislaga er raunverulega kominn á kynjakvóti varðandi stjórnir og ráð m.a. hjá fyrirtækjum sem eru í heild eða að meirihluta í eigu ríkis og sveitarfélaga. Jafnréttisstofa telur að ganga ætti lengra varðandi stjórnir hlutafélaga en lagt er til í frv. því sem hér er til umsagnar, þannig að tekinn væri upp 40/60 kynjakvóti þar. Þetta er kannski fyrsta skrefið í þá átt.

Jafnréttisstofa vonar að frumvarpið nái fram að ganga..

Virðingarfyllst
f.h. Jafnréttisstofu


Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur